| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 24. okt. 2017 |
| **Námsgrein** | Íslenska |
| **Titill** | Grunnur í íslensku |
| **Skammstöfun** | ÍSLE1AA05 |
| **Viðfangsefni** | Grunnur í íslensku |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 1 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Í þessum áfanga er lögð áhersla á læsi, ritun, tjáningu, sköpun og málnotkun. Nemendur hvattir til að lesa sér til ánægju og sjálfstraust þeirra eflt. Lögð er áhersla á lesefni sem vekur áhuga og annað efni svo sem kvikmyndir, sjónvarpsþætti auk teiknmynda og myndasagna. Nemendur þjálfist í ritun texta af ýmsu tagi og æfi sig í notkun hjálpargagna við ritun. Frumkvæði, ábyrgð og sjástæð vinnubrögð höfð að leiðarljósi. |
| **Forkröfur áfanga** | Einkunnin C+ úr grunnskóla |
| **Þekkingarviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• helstu reglum sem nýtast í tal og ritmáli<br>• orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli<br>• mismunandi lestraraðferðum<br>• nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta<br>• ýmiss konar hjálpargögnum og ganglegum heimasíðum um mál og málnotkun<br>• helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir og aðrar listgreinar |
| **Leikniviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• að skrifa fjölbreyttan texta í samfelldu máli með skýrri framsetningu<br>• notkun viðeigandi hjálpargagna við frágang ritsmíða<br>• blæbrigðaríku og viðeigandi máli í ræðu og riti<br>• að draga saman aðalatriði úr ýmsu efni og leita sér upplýsinga og nýta sér þær til gangs<br>• að taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni<br>• að lesa sér til gangs og gamans |

| | |
|---|---|
| **Hæfniviðmið** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• semja stutta texta með viðeigandi málfari<br>• bæta einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar<br>• halda uppi samræðum og rökstyðja eigin skoðanir á málefnalegan hátt<br>• túlka og tjá sig um mismunandi efni<br>• auka og styrkja eigin orðaforða og málhæfni t.d. með því að nýta sér hjálpargögn<br>• vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið |
| **Námsmat** | Símat |